

Athugasemdir Tannlæknafélags Íslands

við drög að rammasamningi um tannlækningar sjúkratryggðra barna.

Vísað er til draga að rammasamningi um tannlækningar sjúkratryggðra barna, sem Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sendu tannlæknum með tölvupósti þann 5. ágúst sl. og hafa nú verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Fara athugasemdir Tannlæknafélags Íslands við umrædd samningsdrög hér á eftir.

1. Almenn.

Í fyrsta lagi vill Tannlæknafélagið áréttá að umræddur samningur er ekki niðurstaða viðræðna Tannlæknafélags Íslands og SÍ, heldur er um að ræða samningsdrög sem unnin eru algjörlega einhliða af SÍ, án nokkurs samráðs við Tannlæknafélagið.

Félagið átti í viðræðum við SÍ um gerð samnings um tannlækningar sjúkratryggðra barna fyrr á árinu, en SÍ sleit þeim viðræðum í júlí sl. án nokkurra skýringa.

Glögggt má sjá það af samningsdrögunum að þau eru unnin einhliða af SÍ, enda eru í þeim mörg ákvæði þar sem hagsmunir tannlækna virðast engu máli skipta, en SÍ eru veittar ýmsar heimildir til einhliða breytinga á samningnum.

2. Gildissvið samningsins.

Í 1. gr. samningsdraganna er gert ráð fyrir að hann gildi annars vegar um almennar tannlækningar barna yngri en 18 ára. Hins vegar er gert ráð fyrir að samningurinn gildi **einnig** um nauðsynlegar tannlækningar barna yngri en 18 ára vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, aðrar en tannréttingar. Gera tannlæknar athugasemdir við að gildissvið rammasamningsins nái einnig til þessa hóps, sem aðrar reglur gilda nú þegar um.

Í 2. mgr. 1. gr. samningsdraganna segir að SÍ sé heimilt að fella einstök verk út af aðgerðaskrá eða bæta þar við verkum ef áherslur yfirvalda heilbrigðismála breytast, en að veita skuli tannlæknum hæfilega aðlögum vegna slíkra ákvarðana. Tannlæknafélag Íslands gerir alvarlega athugasemd við umrætt ákvæði sem veitir SÍ **einhliða** heimild til að breyta grundvallaratriðum samningsins án þess að tannlæknar hafi nokkuð um það að segja. Einnig verður að gera athugasemd við að ekkert sé kveðið á um það hvað sé „hæfileg aðlögun“ í þessu sambandi.

Í sama ákvæði er kveðið á um það að þrátt fyrir að SÍ hafi gert rammasamning við tannlækna sé stofnuninni heimilt að semja sérstaklega við einstaka tannlækna eða fyrirtæki tannlækna um tiltekna þjónustu jafnvel þó að viðkomandi verk séu í aðgerðarskrá samkvæmt samningi þessum. Tannlæknafélagið gerir verulegar athugasemdir við framangreinda heimild SÍ, en á grundvelli hennar getur stofnunin kippt grundvöllinum undan starfsemi þeirra sem hugsanlega gera rammasamning við stofnunina.

Hvað þýða ákvæði 1. gr. í raun?

Ljóst er að á grundvelli ákvæða 1. gr. gæti SÍ ákveðið að fella stóran hluta aðgerðarliða sem samningurinn gildir um niður, án nokkurs samráðs við þá sem væru aðilar að rammasamningnum. Þeir tannlæknar sætu þá eftir bundnir af litlum hluta upprunalegs samnings í ótilgreindan tíma.

Einnig gæti komið upp sú staða að SÍ semji við aðra tannlækna en þá sem gerast aðilar að samningnum um að sömu þjónustu og samið hefur verið um í rammamningnum en fyrir allt annað og jafnvel miklu hærra verð.

Af framangreindu er ljóst að Tannlæknafélag Íslands telur ákvæði 1. gr. óviðunandi með öllu.

3. Aðild að samningnum.

Í 2. gr. samningsdraganna er gert ráð fyrir að tannlæknar geti sótt um aðild að samningnum. Jafnframt er gert ráð fyrir að SÍ velji þá tannlækna sem fá aðild að samningnum og getur stofnunin hafnað aðild umsækjenda á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, eins og staðsetningar tannlæknastofu og verðlagningar tannlæknis.

Tannlæknafélag Íslands gerir verulegar athugasemdir við framangreint ákvæði og lýsir yfir áhyggjum af framkvæmd ákvæðisins og því hvernig mat stofnunarinnar fari fram og á hvaða atriðum það verði byggt.

4. Kröfur til tannlæknis.

Meðal þeirra krafna sem gerðar eru til tannlæknis í 3. gr. samningsdraganna er að tannlæknir skuli vera „ínánlegur í síma fyrst eftir aðgerð fyrir hinn sjúkratryggða“.

Tannlæknafélagið gerir athugasemd við umrætt ákvæði, enda er mjög óljóst hvað í því felst. Á að túlka það svo að tannlækni sem heimiluð er aðild að samningnum sé skylt að vera á sólahrings símavakt til að svara spurningum sjúklings síns? Er ætlunin að sérstakar greiðslur komi fyrir þá vakt? Faglega bera tannlæknar ákveðnar skyldur gagnvart sjúklingum sínum og telur félagið með öllu óþarft að ákvæði eins og þetta sé sett í rammamning milli SÍ og tannlækna.

Í sömu grein er ákvæði þar sem kveðið er á um að tannlæknir skuli gera sjúkratryggðum viðvart í tæka tíð ef hann þurfi að breyta viðtalstíma. Ekkert er kveðið á um greiðslur Sjúkratrygginga ef sjúklingur sem bókað hefur tíma mætir ekki. Telur Tannlæknafélagið óþarft að kveða sérstaklega á um það að tannlæknir afboði sjúkling vegna forfalla, enda er það sjálfsagður hluti af starfsemi allra tannlækna. Hins vegar telur félagið mikilvægt að kveðið sé á um það hvernig fara eigi með greiðslur fyrir þá tíma sem sjúklingur mætir ekki í.

Í lok 3. gr. samningsdraganna segir að tannlæknir skuli ábyrgjast að aðferðir og endingartími efna sé í samræmi við viðurkennda staðla. Gerir Tannlæknafélagið athugasemd við þetta ákvæði, enda eru engir slíkir staðlar til og mjög erfitt að spá fyrir um endingartíma efna.

5. Kostnaður og hækkunir.

Samningsdrögin gera í 4. og 14. gr. ráð fyrir að tannlæknar sækji um aðild að samningnum með því að senda inn verðskrá sem eins konar verðtilboð. Ekki er gert ráð fyrir neinni sjálfkrafa hækkun gjaldskrár miðað við vísitölu eða neitt slíkt í drögunum. Þannig er ætlunin að ef tannlæknir vill hækka gjaldskrá sína þurfi hann að senda umsókn um það til SÍ sem hafi heimild til að hafna hækkuninni. Getur tannlæknir þá valið að líta á það sem uppsögn samningsins, eða haldið áfram að vinna fyrir SÍ á gömlu verðskránni.

Tannlæknafélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við framangreint fyrirkomulag, enda er einsýnt að það leiði til þess að mjög erfitt verði að ná fram eðlilegum hækkunum vegna aukins rekstrarkostnaðar og hækkunar aðfanga.

Þá gerir Tannlæknafélagið athugasemdir við að samningsdrögin gera ráð fyrir að óheimilt sé að innheimta álag vegna yfirvinnu og helgidagavinna af SÍ eða sjúkratryggðum einstaklingi.

Hvað þýða ákvæði 4. og 14. gr. í raun?

Samningsdrögin gera ráð fyrir að tannlæknir þurfi að sækja upp á nýtt um aðild að samningnum ef hann vill hækka gjaldskrá sína og er alls kostar óvíst hvort að honum verði veitt aðild að samningnum með hækkaðri gjaldskrá. Situr því tannlæknir eftir með þá möguleika að vera áfram aðili að samningnum með óbreytta gjaldskrá eða segja upp aðild að samningnum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

6. Framsal á réttindum eða skyldum.

Í 11. gr. samningsdraganna er kveðið á um að tannlækni sé óheimilt að framselja rétt sinn eða taka við skyldum samkvæmt samningnum nema með samþykki SÍ. Þá má túlka orðalag lokamálsgreinar 11. gr. á þá vegu að tannlæknir sem framselur rétt sinn samkvæmt samningnum beri enn allar skyldur gagnvart SÍ.

Gerir Tannlæknafélag Íslands verulegar athugasemdir við framangreint orðalag, enda hljóta skyldur hans að falla niður við framsal.

7. Bótakrafa SÍ.

Í 13. gr. draganna segir að SÍ hafi heimild til að heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi tannlækni ef í ljós kemur verulegur misbrestur á því að tannlæknir uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningnum. Þá kveður samningurinn í sömu grein á um það að ef komi til bótakröfu SÍ á hendur tannlækni viðurkenni tannlæknir einnig rétt SÍ til að annast bótakröfu vegna greiðsluhluta hins sjúkratryggða.

Tannlæknafélagið gerir athugasemd við framangreint ákvæði og telur að skýra verði það betur, þannig að ljóst sé hvað átt sé við.

8. Fyrirvarar.

Í 17. gr. samningsdraganna er kveðið á um það að fjárhagslegar skuldbindingar SÍ samkvæmt samningnum séu með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins hafi SÍ rétt til að breyta samningi með þriggja mánaða fyrirvara, t.d. fella út ákveðna liði.

Tannlæknafélagið gerir alvarlegar athugasemdir við þessar einhliða heimildir SÍ, sem hafa sömu áhrif og ákvæði 1. gr. samningsdraganna. Því er ljóst að á grundvelli ákvæða 17. gr. gæti SÍ ákveðið að fella stóran hluta aðgerðarliða sem samningurinn gildir um niður, án nokkurs samráðs við þá sem væru aðilar að rammamningnum. Þeir tannlæknar sætu þá eftir bundnir af litlum hluta upprunalegs samnings í ótilgreindan tíma.

9. Verðskrá.

Á kynningarfundum sem SÍ hélt 9. ágúst sl. var dreift minnisblaði um aðild að rammamningnum. Þar kom fram að SÍ hyggist til að byrja með taka mánaðarlega ákvörðun um aðild að samningnum. Þá kom einnig fram að eftir hverja ákvörðun ætli SÍ gera opinbert „viðmiðunarverð“, þ.e. verð og vægi einstakra þjónustuliða. Liggur fyrir að SÍ mun hafna umsóknum um aðild ef þeir telja verðskrá viðkomandi tannlæknis of háa miðað við viðmiðunarverð.

Tannlæknafélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við framangreint fyrirkomulag og telur að það geti vart staðist ákvæði laga, enda virðist slík framkvæmd vera til þess fallin að samræma verðlagningu tannlækna.

Tannlæknafélagið telur að þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga um sjúkratryggingar og ummæli um ákvæðið í greinargerð verði að hafa hliðsjón af samkeppnislögum og gæta samkeppnissjónarmiða og jafnræðis með keppinautum þegar SÍ semur við sjálfstætt starfandi aðila sem veita heilbrigðisþjónustu.

10. Álag vegna sérfræðipækkingar.

Í minnisblaði því sem dreift var á kynningarfundum SÍ kemur fram að vegna sérfræðinga í barna- og samfélagstannlækningum sé gert ráð fyrir að viðmiðunarverð geti verið allt að 20% hærra en ella.

Tannlæknafélag Íslands gerir athugasemd við það að umrædd hækkun sé takmörkuð við sérfræðinga í barnatannlækningum og bendir á að eðlilegt sé að sambærilegar reglur gildi um sérfræðinga í rötþýllingum, kjálkaskurðlækningum o.s.frv. þegar við á.

Í ljósi alls framangreinds gerir Tannlæknafélag Íslands alvarlegar athugasemdir við framangreint fyrirkomulag sem það telur kveða á um óeðlilega einhliða rétt SÍ og geta leitt til ómálefnalegar samkeppnislegrar mismununar milli tannlækna og samræmingu í verðlagningu tannlækna.

Virðingarfyllt,

Sigurður Benediktsson,
formaður.